

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. apríl).

Samhljóða þskj. 382 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:
12. gr. laganna breytist sem hér segir:
- a. 1.—4. mgr. orðist svo:
- Dómsmálaráðherra er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:
- a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.
- b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.
- Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. mgr. Skal áfengisvarnaráð tilnefna einn mann í nefndina, Samband veitinga- og gistiúsaeigenda einn mann, en dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.
- Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingu mótfallin.
- Útan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.
- b. 6. mgr. falli niður.
7. gr. hljóðar svo:
14. gr. laganna breytist sem hér segir:
- a. Í stað orðanna „1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta“ í 1. mgr. komi: sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.
- b. Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
- Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.
16. gr. hljóðar svo:
33. gr. laganna breytist sem hér segir:
- a. Sektarákvæði í 1. mgr. 1. tölul. breytist þannig, að í stað „4000—20000“ komi: 10000—50000, í stað „8000—40000“ komi: 20000—100000, og í stað „16000—80000“ komi: 40000—200000.
- b. 4. mgr. 1. tölul. orðist svo:
- Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja meg það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.
- c. Sektarákvæði í 2. tölul. breytist þannig, að í stað „400—12000“ komi: 1000—30000.